

Stjórn Samtaka Heilsuleikskóla

Stjórnarfundur 23. mars 2017

Mætt: Sigrún Hulda; formaður, Berglind; vara formaður, Þóra Sigrún; gjaldkeri, Sif; meðstjórnandi og Oddný; ritari.

1. Bókhald- Þóra Sigrún fór yfir bókhaldsstöðu samtakanna. Ákveðið var að búa til gjaldskrá og birta hana á heimasíðu Heilsustefnunnar. Gjaldkeri lagði til að reikningi yrði breytt úr höfuðbók 26 í höfuðbók 14 til að fá betri ávöxtun. Stjórnin samþykkti þessa tillögu.
2. Lög Samtaka Heilsuleikskóla- uppfæra þarf lög samtakanna á heimasíðu Heilsustefnunnar, en samþykktar breytingar hafa ekki verið uppfærðar þar frá aðalfundi Samtakanna 2015. Lög félagsins verða send út í tölvupósti samhliða fundarboði á aðalfund og tillögur um breytingar þurfa að berast stjórn eigi síðar en sjö dögum fyrir aðalfund.
3. Heilsuleikskólar og leikskólar á heilsubraut- farið var yfir lista Heilsuleikskóla athuga þarf með að uppfæra listann og taka út skóla sem hafa sameinast og eru hættir sem Heilsuleikskólar.
4. Námskeið í notkun Heilsubókar barnsins- Sigrún er að fara til Vopnafjarðar í leikskólann Brekkubæ til að halda námskeið, auk þess verður Brekkubær afhent viðkenning sem Heilsuleikskóli.
5. Næringarstefna og matseðlar- umræður var um næringarstefnuna og matseðla.
6. Aðalfundur- fundarboð- tilkynning um staðsetningu og dagskrá verður send út í næstu viku og leikskólar beðnir um að skrá sig. Samhliða fundboði verður sendur spurningarlisti sem Heilsuleikskólar eru beðnir um að svara.
7. Gátlistar- leikskólar geta komið með ábendingar um gátlistan á aðalfund.

Næsti fundur verður 2.maí kl. 13:30 í Vogum.